

## Stafrænt ráð

Ár 2022, miðvikudaginn 26. október, var haldinn 6. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl. 13:30. Eftirtalin voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Kristinn Jón Ólafsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Andrea Jóhanna Helgadóttir, Björn Gíslason, Friðjón R. Friðjónsson, Rannveig Ernudóttir og Skúli Helgason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Karen María Jónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Óskar J. Sandholt. Fundarritari var Eva Pandora Baldursdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfsemi innkaupaskrifstofu. FAS22100234.  
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir og Ólafur Steingrímsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
2. Fram fer kynning á Dynamic Purchasing System (DPS). ÞON20120008.  
Lena Mjöll Markusdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
3. Fram fer kynning á heildrænni nálgun á upplýsingatækni, öryggi og eftirliti. ÞON22100050.  
Friðþjófur Bergmann tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
4. Fram fer kynning á Microsoft 365 innleiðingu. ÞON21070025.  
Loftur Steinar Loftsson og Sigurlaug Björg Stefánsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
5. Fram fer kynning á Gagnahlaðborði Reykjavíkur. ÞON22020022.  
Bryndís Eir Kristinsdóttir og Inga Rós Gunnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 15:15 vikur Friðjón R. Friðjónsson af fundinum og tekur Sandra Hlíf Ocares sæti á fundinum í hans stað.
6. Fram fer kynning á Húsnæðisuppbyggingarkorti. ÞON22100042.  
Inga Rós Gunnarsdóttir, Kristinn Bjarnason og Þorbjörn Þórarinsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.
7. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 20. október 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hlunnindi til starfsmanna þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 46. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. september 2022. MSS22090010.
8. Lagt fram svar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 20. október 2022, við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöður lögfræðinga á þjónustu- og nýsköpunarsviði, sbr. sbr. 47. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. september 2022. MSS22090011.
9. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnaleka, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 6. október 2022. MSS22080059.

### Fundi slitið kl. 15:50

Kristinn Jón Ólafsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson  
Björn Gíslason  
Sandra Hlíf Ocares

Andrea Jóhanna Helgadóttir  
Rannveig Ernudóttir  
Skúli Helgason